STJÓRNARTÍÐINDI B 56 — 1981

Nr. 643. 1046 12. nóvember 1981.

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s. l. Hefur nefndin ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

1. Matsverð íbúðarhúsnæðis, þar með taldar lóðir, hækki um 55% og verði framreikningsstuðull að því leyti 1.55.
2. Matsverð annarra fasteigna hækki um 45% og verði framreikningsstuðull að því leyti 1.45.
3. Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum um einstakar tegundir fasteigna.
4. Ofangreind hækkun fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignaskrá þeirri, sem tók gildi 1. desember 1980, ásamt síðari breytingum og leiðréttingum, ákveðnum af hálfu Fasteignamats ríkisins og yfirfasteignamatsnefndar.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreikningsstuðlum, sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu og með hliðsjón af þeim afskriftarreglum, sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hinar nýju fasteignaskrár innihalda einnig þær matsbreytingar, er Fasteignamat ríkisins hefur gert á einstökum eignum, svo sem við endurskoðun á eldri mötum og vegna úrskurða á kærum, er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats, eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Suðurlandsbraut 14, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með, að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skrám Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1981.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 576 frá 24. nóvember 1980.

Fjármálaráðuneytið, 12. nóvember 1981.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Pétur Kr. Hafstein.

Stjórnartíðindi B 56, nr. 643. Útgáfudagur 30. nóvember 1981.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg